



2021

FJÁRMÁLAEFTIRLIT



Seðlabanki Íslands hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning.

Tilgangur ritsins um fjármálaeftirlit er:

- að skýra frá því hvernig Fjármálaeftirlitið vinnur að þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og hvernig stefnu og verkáætlun Fjármálaeftirlitsins var fylgt eftir á árinu 2020;
- að upplýsa um helstu áherslur í verkáætlun Fjármálaeftirlitsins 2021;
- að greina frá nýlegum og væntanlegum breytingum á réttarheimildum fjármálamarkaðarins.

Með útgáfu ritsins leitast Seðlabankinn einnig við að tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Ritið er birt samhliða *Skýrslu fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands til Alþingis 2020*.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

1. rit. 20. apríl 2021 ISSN 2772-0802, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr Fjármálaeftirliti en þess er óskað að getið sé heimildar.

Efnisyfirlit

Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits	5
I Inngangur	6
II Starfsemi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	8
Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	8
Eftirlit með váttryggingastarfsemi	12
Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	14
Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	15
Eftirlit með verðbréfamarkaði	18
Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	20
Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	22
III Helstu áherslur í verkáætlun 2021	25
Helstu áherslur 2021	25
IV Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar	27
Lagabreytingar á árinu 2020	27
Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2020	27
Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði	28
Rammagreinar	
1 Vettvangsathuganir	16
2 Hæfismat og virkir eignahlutir	21
3 Starfsleyfi og önnur leyfismál	24

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits

Hér lítur dagsins ljós nýtt rit Seðlabanka Íslands sem nefnist *Fjármálaeftirlit*. Stefnt er að því að það komi út einu sinni á ári. Með útgáfu þess gefur hver hinna þriggja meginstoða Seðlabankans út rit í tengslum við meginmarkið Seðlabankans. *Peningamál* og *Fjármálastöðugleiki* eru rit hinna stoðanna.

Hinn 1. janúar 2020 sameinuðust hinn þá tæplega sextugi Seðlabanki og hið liðlega tvítuga Fjármálaeftirlit. Stofnanirnar voru á ólíkum stöðum á þroskakúrfunni og hafa því sitt af hverju að læra hvor af annarri. Síðastliðið ár hefur verið unnið frábært starf við það viðamikla verkefni að samþætta starfsemi. Því er ekki lokið en mikið hefur áunnist. Á þeim krefjandi tímum sem fylgt hafa heimsfaraldri COVID-19 hefur Seðlabankinn gegnt því mikilvæga hlutverki að milda neikvæð áhrif faraldursins á efnahagslífið og fjármálakerfið og það hefur sýnt sig að sameinuð höfum við náð tilætluðum árangri.

Nýlega gaf forsætisráðuneytið út ítarlega skýrslu um að hve miklu leyti og með hvaða hætti farið hafi verið að ábendingum þriggja rannsóknarnefnda Alþingis sem skipaðar voru til að gera úttektir á fjármálaáfallinu 2008. Skýrslan varpar ljósi á hve mikið hefur áunnist og hversu víðtækar umbætur hafa verið gerðar á löggjöf og starfsemi þeirra stjórnvalda sem hafa með höndum stjórn og ákvarðanir á sviði efnahags- og peningamála auk eftirlits með fjármálamarkaðnum. Á þeim rúmlega tólf árum sem liðin eru frá fjármálaáfallinu hafa víðtækar umbætur verið gerðar á regluverki og umhverfi fjármálamarkaðarins á Íslandi, bæði að innlendu frumkvæði og vegna þátttöku Íslands í EES-samstarfinu. Lagalegri umgjörð og eftirliti með fjármálamarkaðnum hefur verið gjörbreytt með það að leiðarljósi að styrkja viðnámsþrótt fjármálakerfisins og stuðla að traustri og heilbrigðri fjármálastarfsemi. Þessar umbætur ná allt í senn til bankastarfsemi, váttryggingastarfsemi og verðbréfamarkaðar. Sterk staða fjármálakerfisins í upphafi árs 2021 endurspeglar þá grundvallarbreytingu sem orðið hefur á fjármálamarkaði síðastliðinn áratug og er vitnisburður um mikilvægi og árangur þessara breytinga. Framundan eru þó umtalsverðar áskoranir vegna fjármálalegra og efnahagslegra afleiðinga COVID-19 og áfram mun reyna á samstillt viðbrögð Seðlabankans.

Hér eftir sem hingað til er það meginmarkmiðið með starfsemi Seðlabanka Íslands að gæta almannahagsmuna. Það gerist með því að beita þeim tækjum sem bankinn ræður yfir af bestu þekkingu og fagmennsku sem völ er á. Sameinaður Seðlabanki sem allt í senn ber ábyrgð á peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirliti er vel í stakk búinn til að sinna eftirlitshlutverki sínu af festu og áræðni þannig að stuðla megi að traustri og heilbrigðri fjármálastarfsemi til framtíðar.

Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri

Unnur Gunnarsdóttir,
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Inngangur



Með gildistöku laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og sameiningu bankans og Fjármálaeftirlitsins í byrjun árs 2020 tók Seðlabankinn við öllum lögbundnum verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Sameining stofnananna átti sér nokkurn aðdraganda. Í kjölfar fjármálaáfallsins 2008 fjölgaði verkefnum eftirlitsaðila og seðlabanka á fjármálamarkaði, þjóðhagsvarúð og kerfisáhætta fengu aukið vægi og stofnanaumgjörð fjármálamarkaðarins var styrkt til muna víða um heim. Á Íslandi voru meðal annars stofnuð kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráð sem fól í sér samráð og samvinnu stofnananna tveggja og annarra stjórnvalda. Með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins var stigið mikilvægt skref í viðleitni til að bæta enn frekar stofnanalega umgjörð fjármálamarkaðarins og tryggja bættu ákvörðunartöku með áherslu á samspil fjármálastöðugleika við peningastefnu annars vegar og eftirlit með fyrirtækjum á fjármálamarkaði hins vegar.

Þrjár nefndir taka nú ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja og valdheimilda Seðlabankans. Peningastefnu-nefnd hefur starfað frá árinu 2009 en með gildistöku Seðlabankalaganna í ársbyrjun 2020 tóku til starfa fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja Seðlabankans varð-andi fjármálastöðugleika eru nú teknar af fjármála-stöðugleikanefnd og ákvarðanir sem faldar eru Fjármála-eftilritinu í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum heyra nú undir fjármálaeftirlitsnefnd. Fjármálaeftirlitsnefnd getur framselt vald sitt til töku ákvarðana sem ekki telj-ast meiri háttar til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, sem nefndin hefur gert, samanber starfsreglur hennar. Með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins var stefnt að því að bæta yfirsýn og ákvörðunartöku vegna kerfisáhættu og þjóðhagsvarúðar með því að gera

Seðlabankann einan ábyrgan fyrir beitingu þjóðhagsvar-úðartækja. Jafnframt var horft til þess að með sameiningu stofnananna mætti kalla fram ýmis samlegðaráhrif og koma í veg fyrir óparfa skörun verkefna, auk þess sem frekari samþætting eindarvarúðareftirlits og þjóðhagsvar-úðar í sameinaðri stofnun myndi efla viðbúnað fyrir áföll í framtíðinni.

Nú þegar rúmt ár er liðið frá sameiningunni er nokkur reynsla komin á nýja stofnanaumgjörð og stjórn-skipulag sameinaðs banka. Á árinu 2020 markaðist starf Seðlabankans mjög af heimsfaraldri COVID-19 og viðbrögðum við efnahagslegum afleiðingum hans, líkt og efni þessa rits ber með sér. Efnahagsáfallið hafði í för með sér talsverðar áskoranir fyrir Seðlabankann. Viðbrögð bankans hafa allt í senn snúið að beitingu stýritækja peningastefnunnar, beitingu þjóðhagsvarúðar-tækja og tíðara eftirliti og samskiptum við fyrirtæki á fjármálamarkaði, sem meðal annars felast í aukinni vöktun og upplýsingaöflun vegna áhrifa faraldursins á viðbúnað, rekstur og gæði eigna í fjármálakerfinu. Hin nýja stofnanaumgjörð sannaði gildi sitt í þessum krefj-andi aðstæðum og það sýndi sig að greiðari aðgangur að upplýsingum og betri yfirsýn yfir fjármálakerfið byggir undir faglega ákvörðunartöku og eykur skilvirkni við slíkar aðstæður.

Þá hafa ýmis önnur samlegðaráhrif þegar komið fram víða annars staðar í starfsemi bankans í kjölfar sameiningarinnar. Má í því samhengi meðal annars nefna vinnu við áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka, en eftir sameiningu stofnan-anna er unnt að nýta meira magn upplýsinga en áður í slíka vinnu. Þá má einnig telja til samlegðaráhrif vegna gagnasöfnunar frá eftirlitsskyldum aðilum og nýtingu sérfræðipækkingar þvert á bankann. Til dæmis krefst

vinna við veitingu starfsleyfa á fjármálamarkaði oft fjölbreyttrar sérfræðipækningar, t.d. á virkni greiðslukerfa. Samvinna sérfræðinga þvert á starfsemi bankans á þessu sviði hefur þegar borið ávöxt. Þá eru ýmis ónýtt tækifæri enn til samlegðar og aukinnar skilvirkni sem nú er hafin vinna við að framkalla, meðal annars á verðbréfamarkaði og vegna eftirlits með verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Vonir standa til að þær aðgerðir geti einnig haft í för með sér hagræði fyrir eftirlitsskylda aðila.

Með árlegri útgáfu þessa rits hyggst Seðlabankinn tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur Fjármálaeftirlitsins með því að skýra frá því hvernig bankinn vinnur að þeim verkefnum sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og upplýsa eftirlitsskylda aðila um helstu áherslur í yfirstandandi verkáætlun. Þessar áherslur hafa ekki verið birtar áður en verða nú opinberaðar í upphafi hvers árs þegar ný verkáætlun hefur tekið gildi. Með birtingu þessara áherslna er stefnt að því að auka enn gagnsæi um störf Fjármálaeftirlitsins og gefa merki um þau málefnasvið og áhættuþætti sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Slíkt gagnsæi gerir eftirlitsskyldum aðilum kleift að taka mið af stefnu og áherslum Fjármálaeftirlitsins í starfsemi sinni. Rit þetta bætist nú í reglulega útgáfuflóru Seðlabankans og með útgáfunni leitast bankinn einnig við að standa reikningsskil gerða sinna og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Starfsemi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands



Í þessum kafla er skýrt frá því hvernig Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framfylgdi stefnu sinni og verkáætlun á árinu 2020 með reglubundnu eftirliti og öðrum athugunum. Þá er jafnframt greint frá lykilstærðum fjármálakerfisins sem varða markmið um traustan og öruggan rekstur eftirlitsskyldra aðila.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Í lok árs 2020 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir, fjögur lánaþyrirtæki og níu verðbréfaþyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Eftirlit með greiðslustofnunum (tvær starfandi) og rafeyrisþyrirtækjum (eitt starfandi) er nátengt eftirliti með fjármálafyrirtækjum og því einnig fjallað um eftirlit með þeim í þessum kafla.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins og hins vegar er um að ræða sértækar athuganir sem taka mið af aðstæðum og áhættumati. Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum er að þau búi við sterka eigin- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar (KMB) af fjármálastöðugleikanevnd. Eftirlit með kerfislega mikilvægum bönkum er umfangsmikið verkefni og felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum um stöðu bankanna en einnig sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl eru tekin við tiltekna lykilstarfsmenn þeirra. Fylgst er með þróun lykilmælikvarða í rekstri bankanna og mat lagt á sjálfbærni og lífvænleika viðskiptaáætlana þeirra. Þá

eru margvíslegir áhættuþættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og rýndir með kerfisbundnum hætti og eftir atvikum með tíðari hætti en venja er.

Könnunar- og matsferli

Árlega framkvæmir Fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá kerfislega mikilvægum bönkum. Í könnunar- og matsferlinu leggur Fjármálaeftirlitið mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi banka og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá. Ferlið felur jafnframt í sér að Fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður eiginfjárbörf banka undir stoð II-R sem segir til um það fé sem er nauðsynlegt að viðkomandi banki haldi vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir, til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I. Könnunar- og matsferlið fer fram í samræmi við *Almenn viðmið vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Viðmiðin eru endurskoðuð reglulega og eru í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni.

Hjá áhrifaminni fjármálafyrirtækjum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram en hjá kerfislega mikilvægum bönkum, þ.e. þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir áhrifaminni fjármálafyrirtæki. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta stofnað fjármálastöðugleika í hættu eða valdið stórum hópi viðskiptavina alvarlegum óþægindum eða tjóni.

Eigin- og lausafjárkröfur

COVID-19 faraldurinn og aðgerðir honum tengdar settu verulega mark sitt á eftirlit með starfsemi fjármála-

fyrirtækja á árinu 2020. Könnunar- og matsferlið fyrir kerfislega mikilvæga banka var hafið þegar COVID-19-faraldurinn barst til landsins á fyrsta ársfjórðungi. Vegna þeirrar óvissu sem þá hafði skapast ákvað fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands í apríl 2020 að fresta ákvörðun um viðbótareiginfjárkröfu kerfislega mikilvægra banka. Í september 2020 ákvað nefndin svo að niðurstaða könnunar- og matsferlis árið 2019 um viðbótareiginfjárkröfu skyldi standa óbreytt. Hún verður því ekki endurskoðuð fyrir en á árinu 2021. Þá var jafnframt ákveðið af sömu ástæðu að ekki færi fram hefðbundið álagspróf í tengslum við könnunar- og matsferlið. Mynd 1 sýnir eiginfjárhlutföll og eiginfjárkröfur kerfislega mikilvægra banka við árslok 2020.

Eiginfjárkröfur kerfislega mikilvægra banka breyttust því ekki frá fyrra ári að öðru leyti en því að sveiflujöfnunarauka, sem áður var 2%, var aflétt í mars 2020 með ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar. Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að styrkja viðnámsprótt fjármálaþyrntækja gagnvart sveiflutengdri áhættu, styrkja miðlun lánsfjármagns á samdráttartímum og milda þannig áhrif fjármálasveiflna á raunhagkerfið. Á síðustu árum hafði sveiflujöfnunaraukinn verið byggður upp með þau varúðarsjónarmið að leiðarljósi.

Lausafjár- og fjármögnunarkröfur samkvæmt reglum Seðlabankans eru 100% vegna lausafjárhlutfalls alls, 100% vegna lausafjárhlutfalls í erlendum gjaldmiðlum, 30% vegna lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum og 100% vegna fjármögnunarkröfu í erlendum gjaldmiðlum. Lausafjáreignir kerfislega mikilvægu bankanna voru töluvert umfram lágmarkskröfur í árslok 2020 (sjá mynd 2).¹


Athugasemdir vegna könnunar- og matsferlis 2020

Í könnunar- og matsferlinu er jafnframt lagt mat á þætti eins og lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkans, stjórnarhætti, rekstraráhættu, útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og lausafjár- og fjármögnunaráhættu, enda getur mat á þessum þáttum haft áhrif á heildarmat á eiginfjárþörf banka. Þótt ákveðið hafi verið að viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn skyldi standa óbreytt á árinu 2020 var ábendingum og athugasemdum er vörðuðu fyrrnefnda áhættuþætti komið á framfæri við bankana með ákvörðunarbréfum undir lok árs og gagnsæistilkynningar vegna þeirra birtar í janúar 2021.

Eftirlit með rekstrar- og útlánaáhættu

Rekstraráhætta fékk aukið vægi á árinu við framkvæmd áhættumats á fjármálamarkaði, sem rekja má til þess

1. Öll hlutföll á móðurfélagsgrunni.



ástands sem skapaðist vegna COVID-19-faraldursins, meðal annars í tengslum við aukna fjarvinnu og með áherslu á net- og upplýsingatækniöryggi. Könnuð voru áhrif faraldursins á mönnun fjármálaþyrntækja sem og hvernig viðbragðsáætlunum var beitt til að mæta faraldrinum. Einnig var skoðað hvernig fjármálaþyrntækja stæðu að netöryggisvörnum með áherslu á varnir vegna fjarvinnu og nýrra rafrænna lausna, auk þess sem eftirlit með útlánaáhættu var aukið vegna áhrifa faraldursins á útlánagæði (sjá umfjöllun um vettvangsathuganir hér að neðan).

Fjármálaeftirlitið hefur hvatt lánastofnanir til að nýta sér það svigrúm sem til staðar er í regluverkinu en um leið lagt áherslu á þá grundvallarreglu varúðar og reikningsskila að útlánaáhætta sé rétt metin í efna- hag lánastofnana, bæði til skemmri og lengri tíma. Mikilvægt er að áhættustýring bankanna sé virk og

að þeir beri tímanlega kennsl á áhættu ef eignagæði versna. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að bankar meti hvort lántakar séu ólíklegir til að standa við skuldbindingar sínar vegna hugsanlegrar vanefndaflokkunar, t.d. við veitingu tilslakana.

Bankar og aðrar lánastofnanir gegna mikilvægu hlutverki við miðlun fjármagns og reynir á það við núverandi aðstæður. Bankarnir brugðust við áhrifum farsóttarinnar með því að veita í viðtæk almenn greiðsluhlé, í samræmi við viðmiðunarreglur EBA og samkomulag milli lánastofnana, til að styðja við fyrirtæki og einstaklinga. Þegar mest lét um mitt ár 2020 voru nærri 13% af heildarútlánum kerfislega mikilvægra banka í almennu greiðsluhléi. Síðan hefur þetta hlutfall lækkað mikið og var það óverulegt í upphafi árs 2021.

Notkun á úrræðinu *almenn greiðsluhlé* er að líða undir lok héraendis og hefur þess í stað mikil aukning verið í flokkun lána *með ívilnun*. Helstu ívilnandi úrræði eru áframhaldandi frystingar eða frystingar að hluta. Skýr merki eru um töluvert umfang frystinga til aðila sem tengjast ferðaþjónustu og fyrirtækja í afleiddum atvinnugreinum. Undir lok ársins 2020 voru ríflega 8% útlána kerfislega mikilvægra banka flokkuð með ívilnun en í skilum. Á sama tíma höfðu vanefndahlutföll þeirra ekki hækkað mikið og voru þau 4,4% vegna fyrirtækjalána og 1,3% vegna einstaklingslána.

Töluverð aukning var í virðisrýrnun útlána kerfislega mikilvægu bankanna á árinu 2020. Mesta aukningin varð á fyrri hluta árs 2020 en síðan hefur hægt á þeirri þróun. Bankarnir hafa allir nýtt sér nýlegar lagaheimildir til að bæta við eiginfjárgrunn auknu framlagi í virðisrýrnunarsjóði vegna lána sem ekki eru í alvarlegum vanskilum. Hefur aukin virðisrýrnun útlána því fremur bitnað á afkomu en eiginfjárgrunni. Á árinu 2020 jókst virðisrýrnunarhlutfall bankanna úr 1,2% í 1,8% (sjá mynd 4).


Vettvangsathuganir

Sérstök áhersla var lögð á vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu og rekstraráhættu á árinu 2020. Gerðar voru vettvangsathuganir hjá kerfislega mikilvægum bönkum sem fólust í því að leggja mat á verklag við útfyllingu á afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu (COREP). Niðurstöður athugananna voru birtar í upphafi árs 2021. Fleiri vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu voru einnig gerðar og er þeim ólokið. Má þar nefna virðismatsathuganir og athuganir vegna verklags bankanna í tengslum við flokkun lána með ívilnanir.

Einnig voru gerðar athuganir hjá einu lánafyrirtæki og tveimur greiðslustofnunum á greiningu, mælingu og stýringu á endurkröfuáhættu í tengslum við færslu- hringingu.

Mynd 3


Lán KMB með virk almenn greiðsluhlé skv. viðmiðunarreglum EBA og samkomulagi milli lánastofnana



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 4


Þróun á virðisrýrnunarsjóðum útlána KMB til viðskiptavina



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 5

Þróun á vanefndum og ívilnunum KMB



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Á árinu var gerð vettvangsathugun hjá Arion banka hf. þar sem markmiðið var að kanna utanumhald bankans á tiltekinni lánaafurð til einstaklinga sem veitt hefur verið með rafrænum hætti. Var annars vegar gerð úttekt á kerfis- og líkanaáhættu og hins vegar úttekt á háttsemisáhættu í tengslum við rafræn útlán. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar í janúar 2021 á vefsíðu Seðlabankans. Net- og upplýsingatækniáhætta er vaxandi áhættupáttur í rekstri fyrirtækja á fjármálamarkaði og á næstu árum hyggst Fjármálaeftirlitið leggja aukna áherslu á net- og upplýsingatækniöryggi eftirlitsskyldra aðila.

Ennfremur voru gerðar athuganir vegna viðskiptahátta (sjá umfjöllun á bls. 16), aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (sjá umfjöllun á bls. 22), auk vettvangsathugunar á gæðum tilkynninga (TRS II) Arion banka hf. og Kvikubanka hf. (sjá umfjöllun á bls. 18).

Viðurlagamál

Í júní 2020 tók fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar á Fossa markaði hf. að fjárhæð 10,5 m.kr. vegna brota á 57. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglum settum á grundvelli þess ákvæðis. Brot Fossa markaða hf. voru fólgin í því að hafa frá og með 2016 til og með 2019 greitt kaupauka án þess að til staðar væri kaupaukakerfi, að hafa greitt kaupauka sem nam meira en 25% af árslanum viðkomandi starfsmanns án kaupauka og að hafa ekki frestað hluta af kaupaukagreiðslum. Fossar markaðir hf. brutu einnig gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 með því að hafa greitt stjórnarmanni kaupauka árin 2016 og 2017 og greitt regluverði kaupauka árin 2017 til 2019. Fossar markaðir hf. voru aðeins beittir viðurlögum vegna brota félagsins á árunum 2016 og 2017, sem var það tímabil sem var til skoðunar við upphaf athugunar Fjármálaeftirlitsins, áður en málið var sett í bið vegna meðferðar sambærilegs máls hjá dómstólum. Fossar markaðir hf. hafa höfðað mál til ógildingar ákvörðuninni sem bíður meðferðar dómstóla.

Gagnasöfnun vegna COVID-19

Söfnun gagna og upplýsinga var tíðari á liðnu ári en venja er vegna aðgerða bankanna og annarra eftirlitsskyldra aðila í tengslum við aðgerðir tengdar COVID-19. Var gögnum og upplýsingum safnað til að meta áhrif á þróun útlánaáhættu og eiginfjár- og lausafjárstöðu bankanna til að fá heildstætt mat á áhrifum COVID-19 á fjármálastöðugleika og þróun áhættupátta fyrir fjármálakerfið. Einnig var ráðist í tíðari söfnun á upplýsingum um þróun endurkröfuáhættu aðila sem sinna færsluhirðingu.

Tilmæli um arðgreiðslur

Í apríl 2020 hvatti fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans fjármálafyrirtæki til að fresta fyrirhuguðum útgreiðslum arðs og endurkaupum á eigin hlutabréfum á meðan óvissa ríkti um áhrif COVID-19-faraldursins á hagkerfið og stöðu bankanna. Í kjölfarið tilkynntu stjórnir kerfislega mikilvægra banka að hætt hefði verið við fyrirhugaðar arðgreiðslur vegna ársins 2019.

13. janúar 2021 birti fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands endurskoðuð tilmæli um arðgreiðslur fjármálafyrirtækja og kaup þeirra á eigin hlutabréfum sem gilda til 30. september 2021. Í tilmælunum er meðal annars tekið mið af yfirlýsingu Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 15. desember 2020. Í yfirlýsingu ESRB voru eftirlitsstofnanir í löndum sem eiga aðild að ESRB hvattar til þess að beina því til fjármálafyrirtækja sem sæta eftirliti þeirra að gæta yfstrustu varúðar við greiðslu arðs og kaup á eigin bréfum fram til 30. september 2021. EBA birti sama dag yfirlýsingu svipaðs efnis. Í endurskoðuðum tilmælum fjármálaeftirlitsnefndar leggst nefndin ekki gegn greiðslu arðs eða kaupum á eigin hlutabréfum en brýnir fyrir fjármálafyrirtækjum að hafa tiltekin atriði í huga um rekstur og áætlanir um þróun eigin fjár næstu þrjú ár áður en ákvarðanir eru teknar um greiðslu arðs eða kaup á eigin hlutabréfum.

Endurbótaáætlanir


Kerfislega mikilvægir bankar skiluðu endurbótaáætlunum til Fjármálaeftirlitsins í lok árs 2020 og hófst yfirferð þeirra á árinu 2021. Þrjú ár eru nú liðin síðan bankarnir skiluðu inn slíkri áætlun í fyrsta sinn. Áhrifaminni fjármálafyrirtæki skiluðu einfaldri endurbótaáætlun í fyrsta skipti í október 2020.

Í september 2020 tóku gildi lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Ákvæði laganna gilda um lánastofnanir og stærri verðbréfafyrirtæki. Undir gildissvið laganna falla nú níu lánastofnanir hér á landi en engin verðbréfafyrirtæki. Samkvæmt lögnum var Seðlabanka Íslands falið skilavald, þ.e. stjórnarsýsluvald, til að grípa til aðgerða og sinna undirbúningi og framkvæmd skilameðferðar lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Í því felst heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilauurræða hjá fjármálafyrirtæki sem er á fallanda fæti, þ.e. að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða að verulegar líkur séu á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Skilavald Seðlabanka Íslands skal samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja vera aðgreint frá annarri starfsemi í skipulagi bankans, einkum fjármálaeftirliti.

Rekstrarafkoma og fjármögnun kerfislega mikilvægra banka


Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka

Heildarafkoma kerfislega mikilvægra banka hefur farið versnandi undanfarin ár. Hagnaður þeirra eftir skatta nam tæpum 30 ma.kr. árið 2020 sem er svipað og árið á undan. Til samanburðar var hagnaðurinn 38 ma.kr. árið 2018 og rúmir 47 ma.kr. árið 2017. Ávöxtun á eigin fé nam 4,8% að meðaltali árið 2020 samanborið við 4,5% árið 2019. Virðisrýrnun jókst töluvert á milli ára eða úr 11,3 ma.kr. árið 2019 í 26,6 ma.kr. árið 2020.



Fjármögnun kerfislega mikilvægra banka

Fjárhæð útgefna sértryggðra skuldabréfa kerfislega mikilvægra banka nam samtals 564 ma.kr. í árslok 2020 og jókst um 107 ma.kr. á árinu. Innlán viðskiptavina eru eftir sem áður stærsti einstaki liður fjármögnunar hjá kerfislega mikilvægum bönkum eða um 50%. Sértryggð



skuldabréf í íslenskum krónum eru um 13% fjármögnunar kerfislega mikilvægra banka og óveðtryggð skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum um 14%.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Á árinu 2020 störfuðu fjögur skaðatryggingafélög og fjögur líftryggingafélög á grundvelli starfsleyfis sem veitt var af Fjármálaeftirlitinu. Að auki voru tvö endurtryggingafélög starfrækt sem unnu að uppgjöri eldri skuldbindinga og Náttúruhamfaratrygging Íslands sem er ríkisstofnun sem starfar samkvæmt sérlögum. Þá hafa níu váttryggingamiðlanir hlotið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og fjöldi váttryggingafélaga og váttryggingamiðlara á EES tilkynnt um starfsemi hérlandis. Í byrjun árs 2021 var váttryggingastofn TM hf. færður yfir til TM trygginga hf. og starfsleyfi TM hf. afturkallað að beiðni félagsins. Var framangreint liður í fyrirhuguðum samruna TM hf., Lykils fjármögnunar hf. og Kvikubanka hf. sem stjórnir félaganna samþykktu á fjórða ársfjórðungi 2020.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins þar sem skilgreint er með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greindir og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starfsemi váttryggingamiðlara og viðskiptaháttaeftirlit með erlendum váttryggingafélögum sem hafa leyfi til að stunda viðskipti á Íslandi.


Eftirlit með fjárhagslegri stöðu og gjaldþoli váttryggingafélaga

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer meðal annars árlega yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat váttryggingafélaganna (e. ORSA), reglubundna eftirlitsskýrslu (e. Regular Supervisory Report, RSR) og tekur viðtöl við tiltekna lykilstarfsmenn. Þá metur Fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum*. Á árinu 2020 var lögð áhersla á stjórnarhætti og rekstraráhættu, meðal annars vegna áhrifa COVID-19 á rekstur váttryggingafélaganna.

Vátryggingafélög birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (e. Solvency and Financial Condition Report, SFCR) og er þeim jafnframt skylt að skila til Fjármálaeftirlitsins reglubundinni eftirlitsskýrslu, en framangreindar skýrslur eru hluti af samræmdri upplýsingagjöf vátryggjenda á EES. Á árinu 2020 tók Fjármálaeftirlitið kafla um afkomu af fjárfestingarstarfsemi, áhættusnið og stjórnkerfi vátryggingafélaganna sérstaklega til skoðunar og veitti félögunum endurgjöf.

Gjaldþol vátryggingafélaga skiptist í þrjá gjaldþolsþætti eftir gæðum og tapgleypni. Gjaldþol vátryggingafélaga í árslok 2020 nam tæpum 70 ma.kr. og fellur að stærstum hluta undir þátt 1 eða um 90%. Þar undir eru eignir umfram skuldbindingar að frátöldum óefnislegum eignum. Undir gjaldþolsþætti 2 og 3 falla víkjandi skuldir og hrein frestuð skatteign.

Þá fóru fram sértækar athuganir hjá vátryggingafélögum þar sem m.a. sjálfsmat stjórnar var tekið til athugunar og ferli við fjárfestingu í sérhæfðum og/eða óskráðum eignum skoðað. Athuganirnar höfðu ekki í för með sér athugasemdir eða ábendingar til félaganna. Þá var framkvæmd sértæk athugun á meðhöndlun eigna, iðgjalda og vátryggingaskuldar við útreikning á undirþáttum markaðs- og vátryggingaáhættu í gjaldþolsútreikningum vátryggingafélaga. Var ábendingum komið á framfæri við félögin í kjölfar þeirrar athugunar.



Vettvangsathuganir

Hluti af eftirliti með vátryggingafélögum er að leggja mat á það hvort félögin fullnægi kröfum til vátryggingaskuldar. Í vettvangsathugun hjá Verði tryggingum hf. var lagt mat á áreiðanleika upplýsinga og nálgun við mat vátryggingaskuldar og aðferðir og ferli við ákvörðun hennar. Athugunin fól einnig í sér könnun á kröfum vegna útvistunar á starfssviði tryggingastærðfræðings. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar á vef Seðlabankans í september 2020.

Aðgerðir vegna COVID-19

Fylgst var náið með framvindu í starfsemi á vátryggingamarkaði á árinu í tengslum við áhrif heimsfaraldurs COVID-19. Vegna óvissu um áhrif bæði til skemmri og lengri tíma hvatti Seðlabankinn vátryggingafélög í mars 2020 til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að styrkja viðnámsþrótt sinn. Í kjölfarið féllu vátryggingafélögin frá áformum um úthlutun arðs til hluthafa. Sú ákvörðun styrkti viðnámsþrótt félaganna og í árslok 2020 var gjaldþolshlutfallið 1,95 fyrir frádrátt vegna fyrirsjáanlegra arðgreiðslna, úthlutana og gjalda. Hefur hlutfallið ekki verið hærra frá gildistöku Solvency II tilskipunarinnar, en til samanburðar var hlutfallið 1,83 í árslok 2019.

Þá voru einnig gerðar athuganir á vátryggingamarkaði vegna viðskiptahátta (sjá umfjöllun á bls. 16) og athuganir vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (sjá umfjöllun á bls. 22).

Vátryggingamarkaðurinn

Í árslok 2020 námu eignir vátryggingafélaga 195 ma.kr. og hækkuðu um 12,3% frá fyrra ári. Vátryggingaskuld nam 105 ma.kr. og hækkaði um 9,4% yfir sama tímabil. Eignir umfram skuldbindingar samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi voru 74 ma.kr. í árslok og hækkuðu um 16,5% á milli ára.

Rekstrarafkoma

Rekstrarafkoma í skaðatryggingastarfsemi á árinu var neikvæð um 405 m.kr. en jákvæð í líftryggingum að fjárhæð 2.451 m.kr. Samanlagður hagnaður af vátryggingarekstri var því jákvæður um 2.046 m.kr. á árinu 2020 sem skilaði 97% samsettu hlutfali samanborið við 98% árið á undan.

Iðgjöld

Áhrifa COVID-19 á árinu gætti bæði á vátrygginga- og fjárfestingarstarfsemi. Eftir samfelldan vöxt iðgjalda á undanförunum árum drógust iðgjöld í eigin hlut í skaðatryggingum saman um 1,7%. Hluti af iðgjaldastofni vátryggingafélaga er tengdur ferðapjónustu og hafa minni umsvif í greinum ferðapjónustu haft áhrif á þróun iðgjalda. Mestu munar um samdrátt í greinaflokkum ökutækjatrýgginga sem lækkuðu um 2,6% á milli ára.

Fjárfestingarstarfsemi

Eftir skarpar lækkanir á mörkuðum á fyrsta ársfjórðungi sem rekja mátti til áhrifa útbreiðslu COVID-19 varð viðsnúningur strax á öðrum ársfjórðungi sem hafði áhrif á afkomu vátryggingafélaga. Eignir vátryggingafélaga eru að stórum hluta innlendar og því er afkoma af fjárfestingarstarfsemi verulega háð þróun innlendra markaða. Umtalsverðar hækkanir urðu á íslenska hluta-

bréfamarkaðnum á árinu 2020 og batnaði afkoma af fjárfestingarstarfsemi á milli ára um tæp 90%.

Umsvif erlendra váttryggingafélaga

Váttryggingafélögum með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum á EES er heimilt að selja váttryggingar og endurtryggingar hér á landi í gegnum útibú eða án starfsstöðvar. Iðgjöld erlendra váttryggingafélaga hérlandis námu samtals jafnvirði 19,1 ma.kr. á árinu 2019. Stærsti hluti þeirra iðgjalda var vegna kaupa á erlendum lífeyrstryggingum fyrir 13,5 ma.kr. og rétt tæplega 500 m.kr. vegna annarra líf- og heilsutrygginga. Upplýsingum um sölu váttryggingafélaga með starfsleyfi í öðrum ríkjum EES á Íslandi er aflað í gegnum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA). Tölur vegna ársins 2020 liggja ekki fyrir.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Á árinu 2020 var starfandi 21 lífeyrissjóður sem veittu móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og buðu 13 þeirra upp á valfrjálstan séreignarsparnað. Þá voru starfandi sjö vörsluaðilar séreignarsparnaðar í samtals 30 deildum. Meðal þeirra voru tvö erlend váttryggingafélög sem buðu upp á séreignarsparnað í sérsniðnum lífeyrstryggingum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greindir og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripid sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítinu við lög og reglur. Þá metur Fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri lífeyrissjóða. Á árinu 2020 var meðal annars lögð áhersla á stjórnarhætti lífeyrissjóða auk rekstraráhættu, einkum með tilliti til áhrifa COVID-19-faraldursins á starfsemi lífeyrissjóðanna.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir voru gerðar hjá Lífeyrissjóði bankanna og Lífeyrissjóði bænda á árinu þar sem kannað var hvort lífeyrissjóðirnir byggju yfir fullnægjandi innra eftirlitskerfi, einkum eftirliti með fjárfestingarstarfsemi

þeirra. Gerðar voru nokkrar athugasemdir í kjölfar athugananna og niðurstöður þeirra birtar á vefsíðu Seðlabankans í maí og nóvember 2020.

Fjárfestingarheimildir

Lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar er skylt að senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega skýrslu um sundurliðun fjárfestinga, en við yfirferð þeirra á árinu 2020 komu í ljós brot Almenna lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Íslenska lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir vegna þessara brota og fór fram á úrbætur. Niðurstöður athugananna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í maí og júlí 2020.

Eigið áhættumat

Farið var yfir eigið áhættumat lífeyrissjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við ytri endurskoðendur, framkvæmdastjóra og aðra lykilstarfsmenn. Fjármálaeftirlitið kannaði einnig fjárfestingarferli tiltekinn lífeyrissjóða. Áhersla var lögð á að skoða hvernig ákvörðun og eftirfylgni væri háttað og hvort lífeyrissjóðir hefðu skjalfest fjárfestingarferli sitt með viðunandi hætti fyrir sérhæfðar fjárfestingar. Þá var skoðað hvernig aðkomu og eftirliti stjórnar, fjárfestingaráðs og áhættustýringar að fjárfestingarferlinu væri háttað. Athugunum lauk án athugasemda eða ábendinga til lífeyrissjóðanna.

Stjórnarhættir

Fjármálaeftirlitið lagði töluverða áherslu á stjórnarhætti lífeyrissjóða í störfum sínum á árinu, en meðal þeirra atriða sem voru skoðuð voru innra eftirlitshlutverk stjórnar, samskipti stjórnar við áhættustjóra og innri endurskoðanda og sjálfsmat stjórnar lífeyrissjóðanna. Að gefnu tilefni var könnuð aðkoma stjórnar nokkurra lífeyrissjóða að ákvörðunum um tiltekna fjárfestingu, þar sem meðal annars var athugað hvernig staðið var að undirbúningi ákvörðunartöku í málinu auk þess sem stjórnarhættir í tengslum við ákvarðanatökuna voru kannaðir. Niðurstöður þeirra athugana liggja ekki fyrir og hafa ekki verið birtar.

Aðgerðir vegna COVID-19

Fjármálaeftirlitið fylgdist náið með starfsemi lífeyrissjóða á árinu í tengslum við COVID-19-faraldurinn vegna hugsanlegra áhrifa hans. Sent var dreifibréf í apríl 2020 með ábendingum til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar vegna faraldursins þar sem meðal annars var fjallað um rekstrarsamfellu, rekstraráhættu, lausafjárstöðu og hagsmuni sjóðfélaga. Einnig var ráðist í sértæka mánaðarlega gagnasöfnun vegna COVID-19-

faraldursins með áherslu á vanskil útlána og útgreiðslur séreignarsparnaðar.


Þá voru einnig gerðar athuganir vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (sjá umfjöllun á bls. 22).

Þróun lífeyrissparnaðar

Lífeyrissparnaður landsmanna jókst umtalsvert á árinu 2020 þrátt fyrir sveiflur og óvissu á fjármálamörkuðum. Við árslok 2020 sýndu bráðabirgðatölur að heildareignir lífeyrissjóðanna voru rúmlega 6.000 ma.kr. sem jafngildir tvöfaldri áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2020. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða jukust um 15% á árinu 2020 og námu 5.119 ma.kr. við árslok og séreignarsparnaður á þeirra vegum nam 595 ma.kr. Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra innlendra vörsluaðila nam nærri 842 ma.kr. við árslok 2020 og jókst um 100 ma.kr. á liðnu ári. Því til viðbótar er áætlað að séreignarsparnaður hjá erlendum vörsluaðilum hafi numið um 100 ma.kr. í árslok 2020. Útgreiðslur vegna sérstakrar heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar námu um 24 ma.kr. á liðnu ári.

Fjárfesting í erlendum gjaldmiðlum á árinu 2020

Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna í erlendum gjaldmiðlum námu tæplega 1.900 ma.kr. við lok árs 2020. Jukust þær um 25% eða um nærri 400 ma.kr. á liðnu ári. Þar af er áætlað að nýfjárfesting í erlendum gjaldmiðlum hafi numið 56 ma.kr. Hlutdeild eigna í erlendum gjaldmiðlum er misjöfn milli sjóða og einstaka sjóðir eru farnir að nálgast lagaheimildir um gjaldmiðlaáhættu. Sjóðunum er skylt að takmarka gjaldmiðlaáhættu sína með því að tryggja að að lágmarki 50% af heildareignum séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar þeirra.



Miklar sveiflur voru á erlendum fjármálamörkuðum á árinu 2020. Við lok fyrsta ársfjórðungs varð umtalsvert lækkun á verðbréfamörkuðum um allan heim í kjölfar fyrstu bylgju COVID-19-faraldursins. Frá öðrum ársfjórðungi 2020 hefur verið nánast stöðug hækkun á erlendum mörkuðum. Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum hefur aldrei verið hærra í eignasöfnum sjóðanna og nam hlutdeild þeirra að meðaltali um 37% við árslok 2020 og jókst um 4 prósentur milli ára.

Ávöxtun á árinu 2020

Samkvæmt bráðabirgðatölum nam hrein raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna 9% á árinu 2020. Nokkur dreifing er í afkomu sjóðanna en útlit er fyrir að allir sjóðirnir hafi skilað jákvæðri ávöxtun á liðnu ári. Raunávöxtun sjóðanna sl. 30 ár hefur að meðaltali verið 4,3% og er það yfir langtímavaxtaviðmið þeirra um 3,5% ávöxtun.²



Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Fjármálaeftirlitinu er falið almennt eftirlit með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila sem stuðlar að betri framkvæmd á fjármálamarkaði og ver neytendur fyrir slæmum viðskiptaháttum. Undir viðskiptahætti falla m.a. hvers kyns samskipti þeirra sem selja viðskiptavinum vöru og þjónustu og snúa þeir einkum að upplýsingagjöf til viðskiptavina, ráðgjöf, gagnsæi í verðlagningu, markaðssetningu og samskiptum við viðskiptavini í kjölfar kvartana.


2. Hafa ber í huga að munur er á útreikningi á raunávöxtum skv. reglum um ársreikninga lífeyrissjóða annars vegar og á þeirri aðferð sem liggur til grundvallar 3,5% vaxtaviðmiði sem beitt er í tryggingafræðilegri athugun.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir eru ein þeirra aðferða sem Fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er að greina með ítarlegum hætti áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og leggja mat á viðskiptalíkön, stjórnarhætti og innri eftirlitskerfi þeirra. Heimsfaraldur COVID-19 hafði nokkur áhrif á vettvangsathuganir sem fyrirhugaðar voru á árinu. Ekki var hægt að framkvæma hluta þeirra á vettvangi en þess í stað fóru þær að nokkru fram í gegnum fjarfundarbúnað þar sem fundað var með fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Auk þess var ákveðið að fresta nokkrum athugunum sem höfðu verið áætlaðar á árinu svo að eftirlitsskyldir aðilar hefðu meira svigrúm til að takast á við aðkallandi verkefni vegna áhrifa faraldursins.

18 vettvangsathugunum lokið á árinu 2020

Fjármálaeftirlitið lauk 18 vettvangsathugunum á árinu 2020, samanborði við 27 á árinu 2019. Að þessu sinni var lögð áhersla á athuganir sem snéru að aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningþvætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu og rekstraráhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og innri eftirlitskerfum þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats en jafnframt er tekið mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskyldra aðila.



Eftirlit með viðskiptaháttum snýr meðal annars að því að upplýsingagjöf til neytenda sé rétt og heiðarleg, ráðgjöf taki mið af hagsmunum viðskiptavina, gagnsæi sé í verðlagningu og að markaðsefni og söluvenjur séu hvorki villandi né blekkjandi. Fjármálaeftirlitið tók fjölbreytt mál til athugunar tengd viðskiptaháttum og neytendavernd á árinu 2020.

Sundurliðun kostnaðar við tilboðsgerð vátrygginga

Athuganir á sundurliðun kostnaðar við tilboðsgerð vátrygginga voru gerðar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., TM hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verði

tryggingum hf. þar sem skoðað var hvort félögin sundurliðuðu kostnað og afslætti við tilboðsgerð til einstaklinga vegna ökutækjatrýgginga og bruna- og innbústrygginga með fullnægjandi hætti. Gerðar voru athugasemdir við framkvæmd félaganna, ýmist vegna framsetningar á sundurliðun kostnaðar eða afsláttar. Niðurstöður athugananna voru birtar í febrúar 2020.

Fjárfestingarráðgjöf

Lokið var við athugun á opinberri fjárfestingarráðgjöf hjá Capacent ehf. sem leiddi í ljós annmarka á auðkenni ábyrgðarmanna opinberrar fjárfestingarráðgjafar og á

eftirliti með hlítinu við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar í mars 2020.

Meðhöndlun kvartana

Gerð var athugun hjá greiðslustofnun á meðhöndlun kvartana og samskiptum við söluaðila. Athugininni lauk án athugasemda, en skoðuð voru tilvik þar sem gerðar voru breytingar á samningum um greiðslur. Ferlar voru kannaðir og úrlausnarferli kvartana greint ásamt því að kannað var hvort til staðar væri viðbragðsáætlun hjá félaginu til að takast á við aðstæður á markaði á borð við heimsfaraldur COVID-19.

Sala og markaðssetning

Fjármálaeftirlitsnefnd tók ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar í máli Trygginga og ráðgjafar ehf. í nóvember 2020 vegna athugunar á sölu og markaðssetningu váttryggingamiðlarans á afurðinni Wealth Insuring sem boðin er af slóvakíska váttryggingafélaginu NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poistovňa a.s.

Stjórnvaldssekt að fjárhæð 35 m.kr. var lögð á félagið vegna brota á ákvæðum laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, en einnig var komist að niðurstöðu um brot á ákvæðum laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga. Brotin fólust í að upplýsa ekki viðskiptavinum um að ekki væri hægt að meta hvort váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, sem félagið hafði milligöngu um sölu á, samræmdust þörfum viðskiptavina þar sem viðskiptavinir veittu ekki þær upplýsingar sem gerður er áskilnaður um, eða upplýsingarnar voru ófullnægjandi. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að félagið hefði ekki farið að fyrirmælum viðskiptavina, sem fram koma á þarfagreiningareyðublaði, að því er varðar fjárfestingarkosti, tapspól og áhættustig fjárfestinga og þannig ráðlagt viðskiptavinum um fjárfestingarleið sem samræmdist ekki þörfum þeirra. Í ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar voru gerðar úrbótakröfur til félagsins vegna niðurstöðunnar, sem lutu m.a. að endurskoðun á eyðublöðum vegna þarfagreiningar og verklagi við sölu og markaðssetningu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða til að tryggja að kröfur laga séu uppfylltar.

Upplýsingagjöf til neytenda

Birtar voru upplýsingar á vefsíðu Seðlabankans um stöðu váttryggingafélagsins NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poistovňa a.s. (NOVIS) á árinu 2020 vegna aðgerða Seðlabanka Slóvakíu (Národná banka Slovenska) gagnvart félaginu. Alls voru birt-

ar fjórar fréttir um aðgerðir Seðlabanka Slóvakíu, en NOVIS er með nokkurn fjölda viðskiptavina hér á landi. Í september 2020 tók Seðlabanki Slóvakíu annars vegar bráðabirgðaákvörðun um skilyrt bann við nýsölu váttryggingarsamninga með fjárfestingarþætti sem fólst í því að NOVIS var ekki heimilt að ljúka gerð samninga nema félagið uppfyllti skilyrði bráðabirgðaákvörðunar Seðlabanka Slóvakíu. Félaginu var jafnframt gert skylt að fjárfesta öllum iðgjöldum í samræmi við skilmála váttryggingarsamninga og senda Seðlabanka Slóvakíu reglulega skýrslu til að tryggja nægilega yfirsýn yfir stöðu þess. Hins vegar tók Seðlabanki Slóvakíu ákvörðun í nóvember 2020 um tímabundnar takmarkanir á ráðstöfun eigna NOVIS, en í ákvörðuninni fólst að félaginu bæri að forðast ráðstöfun eigna, s.s. að breyta eignarhaldi eða millifæra eignir af bankareikningum félagsins, forðast að gera löggerninga sem gætu leitt til þess að eignir félagsins minnkuðu, nema til að standa skil á greiðslum er tengdust kröfum vegna váttryggingarsamninga og til að tryggja reglulega starfsemi. Í febrúar 2021 felldi Seðlabanki Slóvakíu úr gildi hluta ákvörðunarinnar frá september 2020, sem sneri að banni við að ljúka við gerð nýrra samninga. Í byrjun apríl 2021 voru aðrir hlutar fyrrnefndrar ákvörðunar og ákvörðunin frá nóvember 2020 enn í gildi.

Fjármálaeftirlitið tók saman og birti upplýsingar fyrir neytendur fjármálaþjónustu vegna spurninga sem gátu vaknað í þeim sérstöku aðstæðum sem sköpuðust vegna COVID-19-faraldursins. Á meðal atriða sem fjallað er um er aukin hætta á netglæpum, snertilausar greiðslur, ábendingar um úrræði lánastofnana sem kynnt hafa verið vegna fasteignalána og neytendalána, ferðatryggingar, úttekt séreignarsparnaðar, reglur um meðhöndlun kvartana og úrræði neytenda vegna ágreiningsmála.

Fjármálaeftirlitið vakti einnig athygli neytenda á upplýsingaskjali frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) sem var þýtt og birt á vefsíðu Seðlabankans. Í upplýsingaskjalinu er að finna nokkur hollráð sem neytendur ættu að hafa í huga við val á bankaþjónustu á netinu eða í smáforritum, einkum þegar neytendur velja sér þjónustu eða gera samning um þjónustu. Á meðal hollráðanna er að skoða vel í hverju þjónustan felst, lengd samningstímans, heildarkostnað og gjöld og skilmála um uppsögn á þjónustunni. Að skoða árlega hlutfallstölu kostnaðar þar sem það er mögulegt til að bera saman mismunandi kosti og að fylgjast með og láta strax vita ef einhverjar grunsamlegar hreyfingar eiga sér stað á bankareikningi eða ef óviðkomandi hefur komist inn á reikninginn til að þjónustuveitandi geti samstundis gripið til viðeigandi aðgerða.

Ábendingar frá neytendum

Fjármálaeftirlitið tekur á móti fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitskyldra aðila og sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki vegna þeirra. Slíkar ábendingar um viðskiptahætti eftirlitskyldra aðila eru einnig nýttar til að greina mögulega áhættu og vandamál. Þá geta þær leitt til sér-tækra athugana Fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2020 bárust Fjármálaeftirlitinu 246 erindi er vörðuðu viðskiptahætti á fjármálamarkaði.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Markmið eftirlits á verðbréfamarkaði er að stuðla að skilvirkum og öruggum verðbréfamarkaði. Það er meðal annars gert með því að hafa eftirlit með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa, hafa eftirlit með hegðun þátttakenda, svo sem hugsanlegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun á verðbréfamarkaði auk þess sem Fjármálaeftirlitið hefur einnig eftirlit með starfsemi kauphalla (einn aðili) og verðbréfamiðstöðva (tveir aðilar). Á árinu 2020 rann Nasdaq verðbréfamiðstöðin á Íslandi inn í Nasdaq CSD SE, sem er verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í Lettlandi og rekur nú verðbréfauppgjörskerfi á Íslandi í gegnum útibú.

Eftirlit með hegðun á markaði

Verkefni sem tengjast eftirliti með hegðun aðila á markaði voru fyrirferðarmikil á árinu 2020. Ellefu mál vegna eftirlits með upplýsingagjöf útgefenda voru tekin til rannsóknar, tíu mál vegna mögulegra innherjasvika, fimm mál vegna mögulegrar markaðsmisnotkunar og sex mál sem vörðuðu aðra málaflokka.

Viðurlagamál

Í maí 2020 gerðu Fjármálaeftirlitið og Síminn hf. með sér samkomulag um sátt vegna brots Símans hf. á 93. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Fólst brotið í því að hafa ekki birt opinberlega hlutfall eigin hluta innan lögmæts tímabrests þegar félagið, með kaupum á eigin bréfum, fór yfir 5% atkvæðisréttar. Sektorfjárhæð í málinu var ákveðin 1,7 m.kr.

Í sama mánuði gerðu Fjármálaeftirlitið og einstaklingur með sér samkomulag um sátt vegna brots hans á 1. másl. 3. tölul. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Viðkomandi, sem var fruminnherji og stjórnarmaður í útgefanda verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, tilkynnti útgefanda um viðskipti félags, sem var fjárhagslega tengt honum. Tilkynningin, sem var birt opinberlega, var talin fela í sér dreifingu á upplýsingum sem gáfu eða voru líklegar til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um

fjármálagerninga útgefanda enda hafi einstaklingurinn vitað eða mátt vita að upplýsingarnar í tilkynningunni voru rangar eða misvísandi.

Í júlí 2020 tók fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar að fjárhæð 87,7 m.kr. á Arion banka hf. vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Brotið fólst í því að birta ekki eins fljótt og auðið var innherjaupplýsingar um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir, sem bankinn hafði frestað birtingu á í samræmi við ákvæði laganna eftir að skilyrði frestunar voru ekki lengur fyrir hendi. Arion banki hf. hefur höfðað mál til ógildingar ákvörðuninni sem biður úrlausnar dómstóla.

Þá var máli vegna brots Lífeyrissjóðs verslunarmanna á 1. mgr. 86. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, lokið með samkomulagi um sátt í júlí 2020. Með samkomulaginu gekkst lífeyrissjóðurinn við því að hafa brotið gegn fyrrnefndu lagaákvæði með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hluta atkvæðisréttar í Högum hf. innan lögbundins frests. Var sektarfjárhæð ákvörðuð 2,2 m.kr.

Vettvangsathuganir

Könnuð voru í vettvangsathugunum gæði tilkynninga (TRS II) Arion banka hf., Kviku banka hf. og Íslenskra verðbréfa hf. til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti sem framkvæmd höfðu verið með fjármálagerninga sem teknir höfðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerninga sem tengdust þeim. Niðurstöður athugananna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2020.

Tilkynningar um skortstöður

Á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) íhlutunarvald við sérstakar aðstæður. ESMA hefur litið á þær aðstæður sem hafa verið uppi vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem mikla ógn við traust markaðarins og tóku ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA því ákvörðun þann 16. mars 2020 að breyta tímabundið viðmiðunarmörkum vegna tilkynninga um skortstöðu í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Með ákvörðuninni var gert skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um nettó skortstöðu í hlutabréfum þegar staðan fer yfir eða fellur undir viðmiðunarmörk sem nema 0,1% af útgefnu hlutafé félags. Til viðbótar þurfti að senda tilkynningu í hvert skipti sem nettó skortstaða breytist um 0,1% umfram fyrrnefnd mörk. Ákvörðunin fól í sér að viðmiðunarmörkin á Íslandi voru 0,1% í stað 0,2%

áður. Þessi ákvörðun leiddi þ.a.l. til fleiri tilkynninga Fjármálaeftirlitinu um skortstöður en ella, en tilkynnt var um skortstöður í 13 félögum á árinu. Frá 20. mars 2021 urðu tilkynningaskyld viðmiðunarmörk aftur 0,2% samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

Tafla 1 Tilkynningar um skortstöðu

	2020		2019
	Fjöldi tilkynninga	þar af tilkynningafjöldi á bilinu 0,1-0,2%	Fjöldi tilkynninga
Janúar	9	0	6
Febrúar	3	0	7
Mars	13	1	21
Apríl	20	8	9
Mái	14	4	9
Júní	20	7	0
Júlí	9	4	0
Ágúst	8	4	3
September	23	8	14
Október	20	7	14
Nóvember	14	4	5
Desember	10	6	6
Samtals	163	53	94

Á árinu 2020 bárust 163 tilkynningar um skortstöður. Af þeim voru 53 tilkynningar um stöður á bilinu 0,1-0,2%. Þrátt fyrir þennan fjölda tilkynninga sem er undir 0,2% var engu að síður fjölgun á tilkynningum frá fyrra ári; 110 tilkynningar á árinu á móti 94 árið áður.

Lýsingar og eftirlit með útboðum

Meðal umfangsmestu verkefna liðins ár má nefna staðfestingu lýsinga og eftirlit með útboðum. Á árinu 2020 staðfesti Fjármálaeftirlitið 34 lýsingar. Fjölgunin á milli ára nemur 42% en fjöldi lýsinga hefur verið tiltölulega stöðugur frá 2013 þar til nú. Fjölgunin í ár skýrist að stærstum hluta til af endurnýjun lýsinga vegna nýrrar Evrópureglugerðar sem tók gildi 1. apríl 2020. Þann 21. júlí síðastliðinn féllu svo úr gildi allar lýsingar sem staðfestar höfðu verið út frá eldri reglugerð og þurftu því sumir útgefendur verðbréfa að gefa út nýjar lýsingar á grundvelli nýrrar reglugerðar. Af þessum 34 lýsingum voru 14 grunnlýsingar en þær voru níu árið áður. Þá var 21 viðauki við lýsingu staðfestur á árinu og fjölg-

Tafla 2 Fjöldi lýsinga og viðauka sem Fjármálaeftirlitið staðfesti

	2017	2018	2019	2020
Lýsingar	19	24	24	34
Grunnlýsingar	9	10	9	14
Viðaukar	14	13	15	21


aði þeim um sex á milli ára. Endanlegir skilmálar sem Fjármálaeftirlitið birti á heimasíðu sinni á árinu voru 109.

Stærsta verkefni ársins á vettvangi lýsinga, að undanskilinni innleiðingu á nýrri reglugerð, var hlutabréfalýsing Icelandair Group hf. Sótt var um staðfestingu lýsingar 14. apríl 2020 og var hlutabréfalýsing staðfest 8. september og önnur lýsing vegna áskriftarréttinda 8. október. Verkefnið spannaði því tæplega sex mánuði.

Þróun verðbréfamarkaðarins

Hlutabréfamarkaður

Velta á hlutabréfamarkaði stóð nánast í stað milli ára og nam ríflega 600 ma.kr. en fjöldi viðskipta jókst engu að síður á sama tíma um ríflega 60%.³ Félögum sem skráð eru á aðalmarkað fækkaði um eitt á árinu eftir afskráningu Heimstaden (áður Heimavellir hf.) í september 2020. Á árinu var talsvert um yfirtökumál í samanburði við fyrr ár. Tilkynnt var um yfirtökutilboð í hlutafé Heimavalla hf., Skeljungs hf. og Eimskipafélags Íslands hf. en fyrr á árinu hafði Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá yfirtökuskyldu í hlutafé Eimskipafélagsins. Ennfremur sóttu þrjú skráð hlutafélög sér aukið hlutafé; Icelandair Group hf., Reitir fasteignafélag hf. og Reginn hf. Þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði jókst umtalsvert á árinu og tæplega tvöfaldaðist. Um síðastliðin áramót áttu rétt innan við 17 þúsund einstaklingar hlutabréf skráð hjá Nasdaq Iceland.⁴



Skuldabréfamarkaður


Velta á skuldabréfamarkaði jókst um ríflega fjórðung milli ára og nam tæpum 1.800 ma.kr. 30 nýjar skuldabréfaútgáfur voru teknar til viðskipta á skipulegum verðbréfa-

3. Heimild: Nasdaq Iceland hf.

4. Heimild: Nasdaq CDS SE, útibú á Íslandi.

Mynd 12


Velta á skuldabréfamarkaði



Heimild: Nasdaq Ísland hf.

Mynd 13


Markaðsvirði skuldabréfa á innlendum skuldabréfamarkaði



Heimild: Nasdaq Ísland hf.

Mynd 14

Markaðsvirði sjálfbærra skuldabréfa á innlendum skuldabréfamarkaði



Heimild: Nasdaq Ísland hf.

markaði og var ríkissjóður umsvifamestur útgefenda. Velta með skuldabréf útgefin af ríkinu og bönkunum jókst umtalsvert í upphafi COVID-19-faraldursins en heildarvelta á skuldabréfamarkaði var um 319 ma.kr. í marsmánuði einum. Á mynd 12 má sjá veltu á skuldabréfamarkaði á árinu 2020 og á mynd 13 þróun á markaðsvirði innlendra skuldabréfa.

Útgáfa á skuldabréfum sem markaðssett eru sem sjálfbær skuldabréf jókst um yfir 50 ma. kr. á árinu 2020 og nær þrefaldaðist á árinu líkt og sjá má á mynd 14.⁵ Þá er svipað uppi þegar litið er til veltu sjálfbærra skuldabréfa en veltan fór úr 4,3 ma.kr. á árinu 2019 í 27,5 ma.kr. á árinu 2020.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (fjárfestingarsjóðir og aðrir sérhæfðir sjóðir). Lykiláhersla í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá er nú einnig haft eftirlit með áhættustýringu, hagsmunaárekstrum og lausafjárstýringu sjóða sem og skyldum vörsluaðila slíkra sjóða. Í árslok 2020 störfuðu níu rekstrarfélög verðbréfasjóða sem öll höfðu einnig fengið útgefið starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Til viðbótar höfðu sjö aðilar skráð sig sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.

Vettvangsathuganir

Á árinu fóru fram vettvangsathuganir hjá Íslandssjóðum hf. og Kviku eignastýringu hf. (þá Júpiter rekstrarfélag hf.). Vettvangsathuganirnar beindust að tilkynningum á frávikum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða frá fjárfestingarheimildum laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Í umræddum athugunum var kannað sérstaklega hvort frávik frá fjárfestingarheimildum hefðu verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan tímamarka í samræmi við lagskyldu þar um. Þá var skilvirkni áhættustýringar fjárfestingarsjóða skoðuð sérstaklega með tilliti til viðeigandi krafna samkvæmt gildandi lögum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum. Niðurstöður þessara athugana voru birtar í nóvember 2020.

Samevrópsk athugun

Á árinu 2020 tók Fjármálaeftirlitið þátt í samevrópskri athugun (e. Common Supervisory Action) á lausafjárstýringu verðbréfasjóða ásamt öllum ríkjum EES. Stefnt er að því að slíkar samevrópskar athuganir muni eftirleiðis fara fram árlega. Athugunin var gerð að frumkvæði

5. Hér er átt við skuldabréf sem markaðssett eru sem sjálfbær, í kjölfar mats óháðs sérfræðings sem ábyrgist að útgefandinn ráðstafi andvirði útgáfunnar í græna fjárfestingu og að upplýsingagjöf verði með tilteknum hætti.

ESMA. Fjármálaeftirlitið hefur auk þess aukið samskipti og miðlun gagna til ESMA í tengslum við stöðu og starfsemi sjóða vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19.

Breytingar á lagaumhverfi sjóða

Lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, tóku gildi um mitt ár 2020 en með gildistöku laganna varð allmikil breyting á starfsumhverfi sérhæfðra sjóða. Eftirlit með rekstrarfélögum tók á liðnu ári talsvert mið af því. Með lögum nr. 45/2020 var kveðið á um starfsleyfisskyldu og skráningarskyldu rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hvort rekstraraðilar séu starfsleyfisskyldir eða skráningarskyldir ræðst meðal annars af umfangi heildar-

eigna í rekstri þeirra. Rekstraraðilum sem ráku sérhæfða sjóði við gildistöku laganna var heimilt að starfa áfram til 1. janúar 2021. Þeim var þó skylt að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að uppfylla skilyrði laganna og sækja um starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða eða skrá sig hjá Fjármálaeftirlitinu fyrir 1. nóvember 2020.

Á árinu 2020 fór nokkur vinna í móttöku og yfirferð gagna vegna starfsleyfisumsókna og skráningarbeiðna á grundvelli framangreindra laga. Þá fór drjúg vinna í undirbúning og innleiðingu nýrra skýrsluskila samkvæmt löggjöfinni.

Rammagrein 2

Hæfismat og virkir eignarhlutir

Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðila auk þess sem Fjármálaeftirlitið getur tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi hæfisskilyrðum laga og reglna.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 105 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2020. Í langflestum tilvikum var um að ræða stjórnarmenn. Heimsfaraldur COVID-19 hafði þau áhrif að ekki tókst að taka viðtöl við nokkurn fjölda stjórnarmanna og því var ekki unnt að ljúka þeim hæfismötum á árinu. Stefnt er að því að ljúka þeim á fyrri hluta ársins 2021.

Í hæfismati stjórnarmanna eru skrifleg gögn metin og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð frekar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal er m.a. horft til tegundar, stærðar og umfangs rekstrar hins eftirlitsskylda aðila og þess hvort vafi sé á að hlutaðeigandi stjórnarmaður fullnægi skilyrðum laga og reglna um nægilega þekkingu og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Í tilfelli framkvæmdastjóra fer ávallt fram munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra er könnuð auk þess sem lagt er mat á skrifleg gögn.

Tafla 1 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2020	2019	2018
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem teknir voru í hæfismat	105	108	100
Fjöldi þeirra sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í boðað viðtal	0	4	6

Tafla 2 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra 2020

Tegund eftirlitsskyldra aðila	Fjöldi
Viðskiptabankar	5
Sparisjóðir	10
Lánafyrirtæki	22
Verðbréfafyrirtæki	5
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	13
Greiðslustofnanir	8
Lífeyrissjóðir	23
Vátryggingafélög	19
Samtals	105

Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálfyrirtækjum, vátryggingafélögum, rafeyrisskilyrðum og greiðslustofnunum. Virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

Nokkuð var um breytingar á eignarhaldi fjármálaafyrirtækja og annarra eftirlitskyldra aðila á árinu 2020. Afgreiddar voru tilkynningar um virka eignarhluti Rapyd Financial Network (2016) Ltd. og tengdra aðila í Rapyd Europe hf. (áður KORTA hf.), Salt Pay Co Ltd. og tengdra aðila í SaltPay

IIB hf. (áður Borgun hf.), Brynhildar Ingvarsdóttur með óbeinum hætti í Summu Rekstrarfélagi hf., TM trygginga hf. í Íslenski endurtryggingu hf. og TM líftryggingum hf. og Ascraeus ehf. og tengds aðila í Arctica Finance hf.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 82 talsins í árslok 2020 og hafði þeim fjölgað um tíu frá árinu 2019. Í þeim hópi eru m.a. fjármálaafyrirtæki, greiðslustofnanir, rafeyrisfyrirtæki, líftryggingafélag, lífeyrissjóðir, gjaldeyrisskiptastöðvar, þjónustuveitendur sem bjóða viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og útibú ásamt umboðs- og dreifingaraðilum erlendra fjármálastofnana hér á landi. Þess má geta að á árinu 2020 urðu lánveitendur og lánamiðlarar, sem eru skráningarskyldir samkvæmt lögum nr. 33/2013, um neytendalán, tilkynningarskyldir aðilar og að því leyti undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Áhættumiðað eftirlit

Fjármálaeftirlitið beitir áhættumiðuðu eftirliti með aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumiðað eftirlit er aðferðafræði sem felur í sér að meta hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði og forgangsraða eftirlitsaðgerðum í samræmi við niðurstöðu þess áhættumats.

Áhættumat er framkvæmt með reglubundnum hætti á öllum tilkynningarskyldum aðilum til að greina hversu líklegt það er talið að starfsemi þeirra verði nýtt til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Niðurstaða greiningar á hverjum tilkynningarskyldum aðila skilar ákveðinni áhættumatseinkunn sem ræður því í hvaða áhættuflokk hann fellur. Áhættuflokkunin stýrir hvaða eftirlitsaðgerðir eru settar á verkáætlun komandi árs fyrir hvern og einn tilkynningarskyldan aðila. Áhættumiðað eftirlit er ekki einskiptisaðgerð heldur er með reglubundnum hætti greind áhætta tengd peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, bæði á fjármálamarkaði og einnig áhætta tengd einstökum tilkynningarskyld-

um aðilum. Á grundvelli eftirlitsaðgerða er eftirfylgni og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins endurskoðuð með tilliti til nýrra upplýsinga, þar á meðal uppfærðs áhættumats Evrópusambandsins og nýrra krafna í lögum og reglum.

Athuganir og viðtöl

Athuganir vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum geta verið í formi vettvangsathugana eða sértækra athugana. Slíkar athuganir geta verið þemaskoðanir þar sem sömu þættir eru kannaðir hjá mörgum aðilum. Á árinu 2021 munu einnig hefjast viðtöl við ábyrgðarmenn tilkynningarskyldra aðila með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættuflokkun ræður tíðni þessara viðtala.

Spurningalisti er sendur reglulega tilkynningarskyldum aðilum til að afla upplýsinga, meðal annars um viðskiptalíkan þeirra og viðskiptamenn. Svör aðila eru nýtt við framkvæmd áhættumats. Fjármálaeftirlitið nýtir auk þessa aðrar aðferðir til að vekja athygli á skyldum tilkynningarskyldra aðila eða afla upplýsinga um framkvæmd aðgerða hjá þeim. Dæmi um slíkar aðferðir eru kynningar á vegum Fjármálaeftirlitsins og fyrirspurnir.

64 athuganir framkvæmdar á árinu

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi 64 athuganir á aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á árinu 2020. Þar af voru vettvangsathuganir tengdar málaflokknum fjórar talsins.

Vettvangsathuganir

Í vettvangsathugunum var fylgni Arctica Finance hf. og Sparisjóðs Strandamanna ses. auk eins viðskiptabanka og einnar greiðslustofnunar við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka athuguð. Í athugunum fólst skoðun á áhættumati, áhættuflokkun viðskiptamanna, framkvæmd áreiðanleikakannana, reglubundnu eftirliti, rannsóknar- og tilkynningarskyldu, fylgni við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, eftirliti með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla og stefnu, stýringum og verkferlum. Athugun

hjá Sparisjóði Strandamanna ses. lauk í desember 2020 með samkomulagi um að ljúka málinu með sátt að fjárhæð 2,5 m.kr. vegna brota sparisjóðsins á ákvæðum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Var efni sáttarinnar birt á vef Seðlabankans í janúar 2021. Lutu brotin m.a. að áhættumati sparisjóðsins, stefnu og verkferlum, framkvæmd áreiðanleikakannana og eftirliti með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla. Niðurstöður vegna athugunar hjá Arctica Finance hf. voru birtar á vef Seðlabankans í febrúar 2021.

Aðrar athuganir

Aðrar athuganir vörðuðu fylgni við lög nr. 64/2019, um frystingu fjármuna, þar sem kannað var hvernig eftirliti sem tengdist aðilum á þvingunarlistum hefði verið háttað. Tilurð athugananna mátti m.a. rekja til þess að FATF hafði gert þá kröfu að sýnt væri fram á fullnægjandi eftirlit með fylgni við lög sem höfðu tekið gildi um mitt ár 2019. Þar sem Fjármálaeftirlitið viðhefur áhættumiðað eftirlit var lögð áhersla á að kanna fylgnina hjá öllum aðilum í hæsta og meðalhæsta áhættuflokki ásamt þeim aðilum í neðri áhættuflokkum sem taldir voru mest berskjaldaðir fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fræðsluefni og tilmæli

Á liðnu ári var unnið að því að útbúa sérstakt fræðsluefni um áhættumiðaðar og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem útgefið var í upphafi árs 2021, með það að markmiði að útskýra hvernig kröfum laga og samspili ólíkra aðgerða er ætlað að koma í veg fyrir að starfsemi tilkynningarskyldra aðila sé misnotuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Þá veitti Fjármálaeftirlitið tilkynningarskyldum aðilum ýmsar leiðbeiningar með óformlegum hætti.

Fjármálaeftirlitið beindi tilmælum til tilkynningarskyldra aðila vegna heimsfaraldurs COVID-19 í apríl 2020. Í tilmælunum var áréttað að tilkynningarskyldir aðilar skyldu halda áfram að sinna aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera vel á verði gagnvart nýjum aðferðum og leiðum til peningaþvættis í starfsemi sinni vegna breytts efnahagsástands.

Ísland fjarlægt af gráum lista FATF

Í október 2020 tók Financial Action Task Force (FATF), alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ákvörðun um að fjarlægja Ísland af lista yfir ríki sem sættu aukinni eftirfylgni vegna ófullnægjandi varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvörðunin var tekin í kjölfar vettvangsathugunar sem fram fór hér á landi í september 2020, þar sem staðfest var að íslensk stjórnvöld hefðu lokið við þær aðgerðir sem þeim var gert að grípa til í því skyni að komast af umræddum lista en umfangsmikið úrbótaferli af hálfu íslenskra stjórnvalda hafði staðið yfir frá apríl 2018. Seðlabankinn og önnur stjórnvöld munu áfram vinna að því að efla varnir hér á landi gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið kannaði tvívegis meðan á hinni auknu eftirfylgni stóð, hvort ákvörðun FATF hefði haft áhrif á starfsemi eftirlitsskyldra aðila og ef svo væri hver áhrifin hefðu verið. Af svörum eftirlitsskyldra aðila mátti draga þá ályktun að áhrif af ákvörðun FATF hefðu verið mjög takmörkuð á tímabilinu. Helst hefðu aðilar þurft að skila frekari gögnum eða upplýsingum vegna aukinnar áreiðanleikakönnunar, bæði þegar um hefði verið að ræða ný viðskiptasambönd sem og vegna eldri viðskiptasambanda. Nokkrir aðilar töldu að ástæðuna mætti frekar rekja til aukinna krafna í regluverki sem og meiri árvekni almennt gagnvart peningaþvætti en til ákvörðunar FATF. Þá voru fá dæmi um að greiðslum hefði verið hafnað eða að móttöku eða sendingu á símgreiðslum hefði seinkað eða að ferlið hefði í einhverjum tilvikum tekið lengri tíma en vanalega.



Starfsleyfi og önnur leyfismál

Eitt af verkefnum Fjármálaeftirlitsins er að veita fyrirtækjum, og í sumum tilvikum einstaklingum, leyfi til að starfa á fjármálamarkaði. Slík verkefni krefjast aðkomu sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu. Með aukinni áherslu m.a. á fjártækni hefur sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sameinað sérfræðiþekkingu sem þarf til slíkra verkefna, sérstaklega með tilliti til greiðsluferfa.

Mikið var um breytingar tengdar starfsleyfum og öðrum leyfisveitingum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2020:

- Á árinu veitti Fjármálaeftirlitið Valitor hf. starfsleyfi sem greiðslustofnun samkvæmt lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Í kjölfar nýs starfsleyfis var leyfi þess sem lánafyrirtæki afturkallað, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- TM tryggingar hf. fékk aukið starfsleyfi sem váttryggingafélag, sbr. lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Auk þess var leyfi veitt fyrir yfirfærslu váttryggingastofns TM hf. til TM trygginga hf. Samstæða TM hf. var einnig tilgreind sem fjármálasamsteypa á váttryggingasviði, sbr. lög nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
- Tryggingavernd ehf. var veitt starfsleyfi sem váttryggingamiðlara samkvæmt lögum nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga.
- BPO Innheimta ehf. og Debitum ehf. (áður Erra ehf.) fengu innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008. Auk þess var innheimtuleyfi Fjárvakurs-Icelandair Shared Services ehf. fellt niður.
- Myntkaup ehf. og Bálfar Miðlun ehf. voru skráð sem þjónustuveitandi viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla samkvæmt lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Framtíðin lánasjóður hf. var afskráð sem lánveitandi, sbr. lög nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda. Samhliða tók Kvika banki hf. yfir starfsemina og vörumerkið.
- Samþykktar voru yfirfærslur tiltekinn rekstrarhluta GAMMA Capital Management hf. til Akta sjóða hf. og Kvik eignastýringar hf. og yfirfærsla tiltekinn rekstrarhluta Kvik banka hf. til Kvik eignastýringar hf., sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Í kjölfar gildistöku laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða var öllum níu rekstrarfélögum verðbréfasjóða einnig veitt starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Auk þess voru Alfa Framtak ehf., Algildi GP ehf., verðbréfafyrirtækið ALM Verðbréf hf., Crowberry Capital GP ehf., Eyrir Venture Management ehf., Fossar GP ehf. og Vex ehf. skráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.

Leyfisskyld starfsemi án leyfis

Fjármálaeftirlitið fær reglulega ábendingar vegna og hefur einnig frumkvæðisskoðanir á starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar. Á árinu 2020 voru 35 mál tekin til skoðunar, þar af 5 mál sem var ólokið frá árinu 2019. Af þessum málum voru 27 mál tilkomin vegna frumkvæðisathugana og 8 mál hófust vegna ábendinga. Enn er 8 málum ólokið og standa vonir til þess að þeim ljúki á árinu 2021.

Helstu áherslur í verkáætlun 2021



Fjármálaeftirlitið vinnur ítarlega verkáætlun til næstu 12 mánaða í upphafi hvers árs. Sú vinna byggist meðal annars á *Áherslum í fjármálaeftirliti 2021-2024*,¹ nýlegu áhættumati og áherslum evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Í þessum kafla eru birtar samandregnar helstu áherslur í verkáætlun ársins 2021. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu á öllum verkefnum ársins.

Birting helstu áherslna í verkáætlun Fjármálaeftirlitsins hefur það að markmiði að stuðla að gagnsæi um áherslur og verkefni Fjármálaeftirlitsins. Slíkt gagnsæi gerir eftirlitskyldum aðilum kleift að taka mið af stefnu og áherslum Fjármálaeftirlitsins í starfsemi sinni. Áherslurnar eru birtar með fyrirvara um breytingar enda tekur eftirlit með fjármálastarfsemi mið af nýjustu upplýsingum hverju sinni

Helstu áherslur 2021

Gæði útlána

Gæði útlána hafa versnað að undanfögnu vegna heimsfaraldurs COVID-19 og þeirra aðgerða sem beitt hefur verið til að hefta útbreiðslu hans. Vanefndir lána hafa aukist, óvissa er um virði trygginga og umtalsverður hluti fyrirtækjalána hefur verið í greiðsluhléi. Mikilvægt er að fylgjast náið með þróun útlánaáættu á næstu misserum og fylgja því eftir að unnið sé vel og skilmerkilega úr þeim lánum sem hafa verið í greiðsluhléi.

Á árinu 2021 mun Fjármálaeftirlitið gera athuganir á útlánum banka og sparisjóða með það að markmiði að meta virði útlána og þær aðferðir sem beitt er við niðurfærslu lána.

Umgjörð stjórnarháttá

Við krefjandi aðstæður á fjármálamarkaði skipta góðir stjórnarháttir og sterkt kerfi innra eftirlits miklu máli. Á árinu mun Fjármálaeftirlitið beita sér fyrir því að umgjörð stjórnarháttá eftirlitsskyldra aðila og háttsemi þeirra sé í samræmi við bestu viðmið um stjórnarháttir.

Áfram verður lögð áhersla á áhættumenningu og að framfylgja því að góðir stjórnarháttir séu órjúfanlegur þáttur í innra eftirlitsumhverfi eftirlitsskyldra aðila, m.a. með því að gera úttektir á þriggja varnarlína kerfi banka og váttryggingafélaga og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Útvistun

Útvistun, bæði á rekstrarþáttum og lykilstarfsemi eftirlitsskyldra aðila, hefur verið að aukast að undanfögnu. Samþjöppun þjónustuaðila sem útvistað er til getur valdið kerfisáhættu. Þá getur útvistun gert það að verkum að erfiðara verður fyrir eftirlitsskylda aðila og Fjármálaeftirlitið að hafa yfirsýn yfir starfsemi sem útvistað er og þær tæknilausnir sem verið er að nota, eiginleika þeirra og áhættu sem þeim fylgja.

Úttekt á fylgni við viðmiðunarreglur EBA um útvistun fjármála fyrirtækja fer fram á árinu auk athugana á útvistun lífeyrissjóða.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Nauðsynlegt er að leggja áfram mikla áherslu á skilvirkt og áhættumiðað eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði.

Eftirlit með áhættumiðaðri nálgun hjá tilkynningar skyldum aðilum verður helsta áherslumálið á árinu sem

1. Birting þessa rits er í undirbúningi og verður það gefið út síðar á árinu 2021.

og að tengja áhættu af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka með skýrari hætti við varúðareftirlit.

Á árinu mun Fjármálaeftirlitið gera athuganir á framfylgni við afmarkaða þætti laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá m.a. bönkum, verðbréfafyrirtækjum og lánveitendum.

Sjálfbærni viðskiptalíkana

Í ljósi þeirra miklu tæknilegu breytinga sem eru að verða á fjármálamarkaði, áskorana vegna áhrifa COVID-19 og núverandi lágvaxtaumhverfis er talin þörf á að greina áhættu sem þessu fylgir fyrir viðskiptalíkön eftirlits-skyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið mun á árinu taka út viðskiptalíkön og viðskiptastefnur fyrirtækja á fjármálamarkaði með hliðsjón af fyrrnefndum atriðum í þeim tilgangi að leggja mat á sjálfbærni þeirra.

Vöruþróun og vörustjórnun er varðar smásölu á fjármálamarkaði

Samræmdar viðmiðunarreglur er varða vöruþróun og vörustjórnun við sölu fjármálaafurða (e. POG) hafa nú tekið gildi á bankamarkaði og eru í innleiðingarferli á váttryggingamarkaði. Viðmiðunarreglunum er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti við sölu og markaðssetningu fjármálaafurða, m.a. að vöru sé beint til réttra aðila.

Fjármálaeftirlitið mun fylgja innleiðingunni eftir, m.a. með úttektum á því hvort eftirlitsskyldir aðilar hafi komið sér upp fullnægjandi stjórnfyrikomulagi vegna vöruþróunar.

Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar



Í þessum kafla er í fyrsta lagi sagt frá þeim lagabreytingum sem gerðar voru á fjármálamarkaði árinu 2020. Í öðru lagi frá þeim breytingum sem gerðar voru á reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins á árinu 2020. Í þriðja lagi er greint frá inntaki væntanlegra Evrópugerða á fjármálamarkaði sem verða innleiddar á næstu misserum.

Lagabreytingar á árinu 2020

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í að móta regluverkið sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, bæði með setningu eigin reglna og með útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Þá er þátttaka Fjármálaeftirlitsins í nefndum og starfshópum á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila umtalsverð og nýtist sú sérfræðipækning sem starfsfólk Fjármálaeftirlitsins býr yfir í slíka vinnu. Ennfremur hefur Fjármálaeftirlitið yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, beitir þeim og túlkar og fylgist með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan EES. Fjármálaeftirlitið gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2020:

- Lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
- Lög nr. 8/2020, um breytingu á lögum um breytingu á lögum um neytendalán og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 163/2019.

- Lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.
- Lög nr. 25/2020, um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Lög nr. 37/2020, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir).¹
- Lög nr. 38/2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Lög nr. 62/2020, um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (viðskipti lána- miðlara yfir landamæri).
- Lög nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- Lög nr. 96/2020, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (ráðstafanir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka).

Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2020

Reglur

Á árinu 2020 setti Seðlabanki Íslands eftirfarandi reglur sem varða fjármálaeftirlit, m.a. til að innleiða tæknilega staðla evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði:

- Reglur nr. 88/2020 um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttækur.

1. Í 4. gr. laganna eru breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- Reglur nr. 227/2020 um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 320/2020 um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð.
- Gjaldskrá Seðlabanka Íslands nr. 321/2020 vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins.
- Reglur nr. 322/2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2019 til 30. mars 2020.
- Reglur nr. 323/2020 um eiginfjárouka fyrir fjármálafyrirtæki vegna kerfisáhættu.
- Reglur nr. 324/2020 um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 514/2020 um breytingu á reglum nr. 1365/2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.
- Reglur nr. 815/2020 um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, meðal annars um afmörkun á því hvort rekstraraðili teljist reka opinn sjóð, lokaðan eða bæði.
- Reglur nr. 860/2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2020 til 29. júní 2020.
- Reglur nr. 964/2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2020 til 29. september 2020.
- Gjaldskrá Seðlabanka Íslands nr. 1100/2020 vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins.
- Reglur nr. 1240/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Leiðbeinandi tilmæli

Þá gaf Fjármálaeftirlitið út eftirfarandi ný leiðbeinandi tilmæli:

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2020 um innihald einfaldra endurbótaáætlana.

Viðmiðunarreglur

Nokkur fjöldi EES-viðmiðunarreglna (e. guidelines) var tekinn upp hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu. Um er að ræða viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin

(EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin (ESMA) gefa út að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 16. gr. reglugerða um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem innleiddar hafa verið í lög nr. 24/2017, um evrópsk eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þessar viðmiðunarreglur eru ekki teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins heldur er sá háttur hafður á að birt er dreifibréf um efni viðmiðunarreglnanna og slóð á enska útgáfu þeirra á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Auk þess eru haldnar kynningar á efni viðmiðunarreglnanna eftir þörfum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið byggir því á viðmiðunarreglunum við framkvæmd eftirlits.

Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði

Í þessum kafla er sagt frá helstu tilskipunum og reglugerðum á evrópskum fjármálamarkaði sem verið er að innleiða í íslenskan rétt eða munu verða innleiddar á næstu misserum. Sérfræðingar Fjármálaeftirlitsins koma að þessari innleiðingu með ýmsum hætti svo sem með þátttöku í nefndarvinnu með ráðuneyti, útgáfu reglna og leiðbeinandi tilmæla.

Tilskipun um greiðsluþjónustu (PSD II)

Tilskipun (ESB) 2015/2366 er önnur tilskipun ESB um greiðsluþjónustu (PSD II) og fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi greiðslustofnana og réttindi og skyldur greiðsluþjónustuveitenda, þ.m.t. upplýsingagjöf greiðsluþjónustuveitenda til neytenda. PSD II-löggjöfin mun skylda banka til að láta af hendi upplýsingar um viðskiptavinum sína, hafi þeir veitt skýlaust samþykki sitt til þess, til þriðju aðila. Á þeim grundvelli verður umræddum þriðju aðilum heimilt að nýta sér upplýsingar í tengslum við greiðslureikninga neytenda (reikningsupplýsingaþjónustuveitendur/AISP) og/eða veita þeim þjónustu til að virkja greiðslur af reikningum þeirra (greiðsluvirkjendur/PISP).

Samkvæmt PSD II-löggjöfinni eiga þriðju aðilar að geta nýtt þetta aðgengi til að veita neytendum greiðsluþjónustu og þannig keppt við banka á grundvelli upplýsinga um viðskiptasögu þeirra. Til að tryggja öryggi umræddra upplýsinga og gagna munu bæði umræddir þriðju aðilar og aðrir greiðsluþjónustuveitendur þurfa að uppfylla nýjar kröfur um öryggismál og áhættustýringu.

Þær kröfur varða bæði sterka sannvottun (Strong Customer Authentication – SCA) vegna framkvæmdar greiðslna og vegna tæknilegra samskipta AISP og PISP við þær lánastofnanir sem halda utan um greiðslureikninga. Þá verða greiðslupjónustuveitendur að hafa til staðar eftirlitskerfi vegna rekstrar- og öryggisáhættu og bregðast við alvarlegum frávikum, m.a. með tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, með aðkomu Seðlabankans, unnið drög að nýjum heildarlögum um greiðslupjónustu sem byggjast á PSD II tilskipuninni. Frumvarp til innleiðingar PSD II hefur verið lagt fram á Alþingi.

Upplýsingar um PSD II hafa verið birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

MiFID II/MiFIR

Tilskipun 2014/65/ESB (MiFID II) og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 (MiFIR) er ætlað að auka gagnsæi og bæta virkni markaðar fyrir fjármálagerninga innan EES. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að semja löggjöf til innleiðingar á tilskipuninni og reglugerðinni og hélt sú vinna áfram á árinu 2020. Gerðirnar fjalla meðal annars um fjárfestavernd, skipulag viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtækja og gagnsæi í viðskiptum. Samhliða nefndarvinnunni fer nú fram vinna innan Seðlabankans við að innleiða ýmsar breytingar sem leiðir af hinu nýja regluverki. Upphaflega var stefnt að því að löggjöfin tæki gildi í byrjun árs 2020 en vinna við frumvarpið tók lengri tíma en áætlað var. Frumvarp til innleiðingar hefur verið lagt fram á Alþingi.

Upplýsingar um MiFID II og MiFIR hafa verið birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

MAR

Frumvarp til laga um aðgerðir gegn markaðssvikum sem ætlað er að innleiða reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (MAR) um markaðssvik var lagt fram á Alþingi í mars 2021. Reglugerðin kemur í stað tilskipunar 2003/6/EB um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) sem innleidd er í XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. MAR fjallar um markaðssvik og opinbera birtingu innherjaupplýsinga af hálfu útgefenda. Undir hugtakið markaðssvik falla innherjasvik, ólögmet miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun sem eru óheimil og kveður reglugerðin á um lágmarksstjórnsýsluviðurlög, sé farið gegn ákvæðum gerðarinnar. Slík hegðun kemur í veg fyrir fullt og eðlilegt gagnsæi á markaði sem er meginforsenda jafna samkeppnisskilyrða og viðskipta fjárfesta á samþættum fjármálamörkuðum. Í frumvarpinu er einnig fjallað um refsingar við brotum

gegn ákvæðum MAR og er lagt til að refsingar við markaðssvikum hér á landi haldist óbreyttar. Opinber birting innherjaupplýsinga af hálfu útgefenda er nauðsynleg til að koma í veg fyrir innherjasvik og stuðla að trausti og trúverðugleika almennings á verðbréfamarkaði. MAR gildir um alla fjármálagerninga sem viðskipti eru með á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi og hvers konar hegðun og aðgerðir sem gætu haft áhrif á slíkan fjármálagerning, án tillits til þess hvort hegðunin eða aðgerðirnar eiga sér stað á viðskiptavettvangi eða ekki. Hið sama á við um fjármálagerninga sem óskað hefur verið eftir að teknir séu til viðskipta á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga. Auk MAR hefur ESB gefið út 16 undirgerðir sem útfæra nánar ýmsa þætti MAR sem verða ýmist teknar upp í íslenskan rétt með reglugerðum eða reglum Seðlabanka Íslands.

PRIIPs

Reglugerð (ESB) nr. 1286/2014, um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, tók gildi fyrir aðildarríki ESB 1. janúar 2018. Reglugerðin hefur það að markmiði að efla neytendavernd, auka gagnsæi og bæta tiltrú neytenda á pökkuðum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum. Reglugerðin mælir þannig fyrir um samræmdar kröfur um upplýsingagjöf um fjárfestingarafurðir til almennra fjárfesta, þvert á banka-, váttrygginga- og verðbréfamarkað. Samkvæmt henni skulu upplýsingar um afurðir gefnar í formi svokallaðs lykilupplýsingaskjals (e. key information document - KID) til almennra fjárfesta sem ætlað er að gera þeim kleift að skilja og bera saman helstu þætti upplýsingaskjalsins og þá áhættu sem fjárfestingarafurð fylgir. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, með aðkomu Seðlabankans, unnið drög að frumvarpi til laga sem innleiða reglugerðina. Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar þess efnis að þeim aðilum sem hafa heimild til að bjóða viðbótartryggingarvernd, samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði gert að útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við reglugerðina, neytendum til hagsbóta. Frumvarp til innleiðingar hefur verið lagt fram á Alþingi.

Verðbréfasjóðir (UCITS V)

Tilskipun 2014/91/ESB (UCITS V) er ætlað að uppfæra tilskipun 2009/65/EB um verðbréfasjóði (UCITS sjóði). Helstu breytingarnar felast í ítarlegum ákvæðum um hlutverk og ábyrgð vörslufyrirtækja, kröfu um starfskjarastefnu fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða og samræmingu á valdheimildum opinberra eftirlitsaðila.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, með aðkomu Seðlabankans, unnið drög að nýjum heildarlögum um verðbréfasjóði sem byggjast á UCITS-tilskipuninni ásamt síðari breytingum á henni. Frumvarp til innleiðingar hefur verið lagt fram á Alþingi.

Sjálfbærni á fjármálamarkaði

Á árinu 2018 birti framkvæmdastjórn ESB aðgerðaráætlun um sjálfbærni á fjármálamarkaði. Nokkrar reglugerðir hafa í kjölfarið verið samþykktar innan ESB og skulu tvær þeirra nefndar hér því að stefnt er að því að innleiða þær á árinu 2021:

Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á fjármálamarkaði inniheldur samræmdar reglur fyrir þátttakendur á fjármálamarkaðinum. Reglugerðin gildir um fjölmarga aðila á fjármálamarkaði svo sem váttryggingafélög, fjármálafyrirtæki og rekstraráðila sérhæfðra sjóða. Reglugerðin gerir þær kröfur að aðilar birti á heimasíðu sinni upplýsingar um það hvernig þeir taka tillit til sjálfbærrar áhættu í áhættustýringu sinni og meta áhrif á sjálfbæra þætti.

Reglugerð (ESB) 2020/852 um flokkunarkerfi (e. taxonomy) til að greiða fyrir sjálfbærum fjárfestingum er mikilvægt skref sem framkvæmdastjórn ESB hefur tekið til að draga úr líkum á grænþvotti (e. greenwashing) og auðvelda fjárfestum að átta sig á hvaða forsendur eru að baki flokkun á vörum sem markaðssettar eru sem grænar eða sjálfbærar. Reglugerðin samræmir þannig hugtakanotkun og túlkunarreglur um hvað telst til sjálfbærrar fjárfestingar.

Bankatilskipun og -reglugerð (CRD V og CRR II)

Tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) mynda hryggjarstykkið í samevrópsku regluverki um varúðareftirlit með fjármálafyrirtækjum og varfærniskröfur vegna starfsemi þeirra, svokallað CRD IV-regluverk. Meginefni CRD IV eru auknar kröfur til fjármálafyrirtækja um eigið fé og laust fé í samræmi við alþjóðlega Basel III-staðalinn. Ákvæði CRR voru innleidd í lög hér á landi árið 2016 og hefur íslensk löggjöf verið löguð að ákvæðum CRD IV í áföngum á síðustu árum. Árið 2019 samþykkti ESB breytingar á CRD IV-regluverkinu með tilskipun (ESB) 2019/878 (CRD V), reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II) og reglugerð (ESB) 2019/630 (NPE). Meðal helstu breytinga er innleiðing á lágmarki stöðugrar fjármögnunar, ný staðalaðferð við útreikning á mótaðilaáhættu og breytingar sem varða eftirlit með eignarhaldsfélögum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, í samvinnu við Seðlabankann, unnið að frumvarpi til að ljúka innleiðingu CRD IV-regluverksins með síðari breytingum sem væntanlega verður lagt fram á haustþingi 2021. Þá hefur verið unnið frumvarp um

afmarkaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki til að gera ráðherra og Seðlabankanum kleift að innleiða NPE, CRR II og fáeinar undirgerðir CRR sem talið er brýnt að taki gildi fyrir haustið 2021 og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fram á Alþingi.

Peningamarkaðssjóðir (MMF)

Reglugerð (ESB) 2017/1131 mun gilda um alla sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hvort sem um er að ræða verðbréfasjóði eða sérhæfða sjóði. Helstu markmið reglugerðarinnar eru að koma á samræmdum reglum til að tryggja öryggi og áreiðanleika peningamarkaðssjóða, hlúa að skilvirkni peningamarkaðarins og tryggja jafnræði fjárfesta.

EMIR Refit

Reglugerð (ESB) 2019/834 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (EMIR) er í daglegu tali kölluð EMIR Refit og felur í sér breytingar á reglum um afleiðuviðskipti. Markmiðið með EMIR Refit er að taka á ójöfnum hlítungarkostnaði, gagnsæi og takmörkuðu aðgengi að stöðustofnun hjá miðlægum mótaðilum. Breytingarnar ná einna helst til stöðustofnunarskyldu á smærri fjárhagslega mótaðila en sömu reglur munu nú gilda um þá og ófjárhagslega mótaðila að því er hana varðar. Fjárhagslegum mótaðilum verður skylt að sjá um skýrslusendingar ófjárhagslegra mótaðila, óski þeir síðarnefndu eftir því. Skyldan til að skila skýrslum um eldri afleiðusamninga til afleiðuviðskiptaskrár er jafnframt afnumin. Breytingunum er ætlað að einfalda ýmsar skyldur varðandi afleiðuviðskipti, jafna samkeppnisgrundvöll og minnka viðskiptakostnað án þess að draga úr gagnsæi varðandi afleiðumarkaði eða úr eftirlits- og inngrípsheimildum eftirlitsaðila vegna kerfisáhættu. Frumvarp til innleiðingar hefur verið lagt fram á Alþingi.

Tilskipun um greiðslureikninga - PAD

Tilskipun 2014/92/ESB tekur til samanburðar gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að gagnsæi og samkeppni, auðvelda samanburð á gjöldum og skipti á greiðslureikningum sem og að styðja við skilvirkan og snurðulausan fjárhagslegan hreyfanleika neytenda. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að innleiða gerðina á haustþingi 2021.

